



Viljayfirlýsing um Jafnvægisvogina

Arion banki kt. 581008-0150, og FKA, kt. 710599-2979, hafa ákveðið að taka saman höndum og vinna að því að jafna hlutfall karla og kvenna í framkvæmdastjórnnum fyrirtækja á Íslandi sem styður við innleiðingu á kynjakvóta í stjórnun hlutafélaga, lög nr. 13/2010. Markmiðið er að árið 2027 verði kynjahlutfallið 40/60 í framkvæmdastjórnnum fyrirtækja á Íslandi.

Tilgangur verkefnisins sem fengið hefur heitið Jafnvægisvogin er:

1. Að auka á jafnvægi kynja í efsta lagi stjórnunar fyrirtækja í íslensku viðskiptalífi með það að markmiði að árið 2027 verði 40/60 kynjahlutfall í framkvæmdastjórnnum fyrirtækja á Íslandi.
2. Að virkja íslenskt viðskiptalíf til að verða fyrirmynd jafnréttis fyrir aðrar þjóðir.
3. Að veita viðurkenningar og draga fram í sviðsljósið fyrirtæki sem hafa náð markmiðum Jafnvægisvogarinnar um virka jafnréttisstefnu og jafnt kynjahlutfall í framkvæmdastjórn.
4. Standa fyrir viðburðum og fræðslu og vekja samfélagið til umhugsunar um virði fjölbreytileika og jafnvægis.
5. Gera samantekt á og greina stöðu stjórnenda eftir kyni í íslensku atvinnulífi og birta niðurstöðurnar.

Samstarf FKA og Arion banka er til 5 ára og felur í sér að Arion banki mun heita því að vinna að markmiðum Jafnvægisvogarinnar. Arion banki mun einnig leggja verkefninu lið í öflun áreiðanlegra upplýsinga og taka þátt í könnunum sem tengjast öflun upplýsinga um stöðu mála ásamt einstökum viðburðum verkefnisins. Hér með staðfesta undirritaðir ofangreint samstarf.

Reykjavík, dags. 13.10.2020

f.h. Arion banka

f.h. FKA

Hulda Ragnheiður Árnadóttir
formaður FKA,